

UNIVERSITY COLLEGE LONDON

University of London

EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

For The Following Qualification:–

B.A.

Old Icelandic

COURSE CODE : ENGLN34

DATE : 13–MAY–05

TIME : 10.00

TIME ALLOWED : 3 Hours

Answer Question 1 and two other questions.

Candidates must not present substantially the same material in any two answers, whether on this paper or in other parts of the examination.

1. Translate three of the following passages.

(a)

Með þursi þríhöfðuðom
þú skalt æ nara,
eð[a] verlaus vera!
Þik geð grípi,
þik morn morni! 5
Ver þú sem þistil[l],
sá er var þrunginn
í önn ofanverða!

Til holtz ek gekk
ok til hrás viðar, 10
gambantein at geta—
gambantein ek gat.

Reiðr er þér Óðinn,
reiðr er þér Ásabragr,
þik skal Freyr fiask 15
—en fyrinilla mær!—
en þú fengit hefir
gambanreiði goða!

Heyri iǫtnar,
heyri hrímþursar, 20
synir Suttunga,
siálfir áslíðar—
hvé ek fyrirbýð,
hvé ek fyrirbanna
manna glaum mani, 25
manna nyt mani!

Hrímgrímnir heitir þurs,
er þik hafa skal
fyr nágrindr neðan:
þar þér vílmegir 30
á viðar rótom
geita hland gefi.
Eðri drykkio
fá þú aldregi,
mær—at þínom munom, 35
mær—at mínom munom!

Þurs ríst ek þér
ok þriá stafi,
ergi ok æði 40
ok ópola
—svá ek þat af ríst,
sem ek þat á reist,
ef gøraz þarfar þess.

TURN OVER

(b)

Ísland bygðisk fyrst ór Norvegi á dögum Haralds ins Hárfagra, Hálfðanarsonar ins Svarta, í þann tíð—at ætlun ok tölun þeira Teits fóstura míns, þess manns er ek kunna spakastan, sonar Ísleifs biskups; ok Þorkels fǫðurbróður míns, Gellissonar, er langt mundi fram; ok Þórirðar Snorradóttur Goða, er bæði var margspök ok óljúgróð—er Ívarr, Ragnarsson Loðbrókar, lét drepa Eadmund inn Helga Englakonung. En þat var dccclxx vetra eptir burð Krists, at því er ritit er í sögu hans. 5

Ingólfr hét maðr Norrœnn, er sannliga er sagt at fœri fyrst þaðan til Íslands, þá er Haraldr inn Hárfagri var xvj vetra gamall, en í annat sinn fám vetrum síðar. Hann bygði suðr í Reykjarvík. Þar er Ingólfshöfði kallaðr, fyr austan Minþakseyri, sem hann kom fyrst á land; en þar Ingólfsfell fyr vestan Qlfossá, er hann lagði sína eigu á síðan. Í þann tíð var Ísland víði vaxit í miðli fjalls ok fjöru. 10 15

Þá váru hér menn Kristnir þeir er Norðmenn kalla papa. En þeir fóru síðan á braut, af því at þeir vildu eigi vera hér við heiðna menn, ok létu eptir bækr Írskar ok bjöllur ok bagla: af því mátti skilja at þeir váru menn Írskir. 20

En þá varð fǫr manna mikil mjök út hingat ór Norvegi, til þess unz konungrinn Haraldr bannaði, af því at honum þótti landauðn nema.

CONTINUED

(c)

'Bittu þik, Freyja, brúðar líni.
Vit skulum aka tvau í Jötunheima.'

Vreið varð þá Freyja ok fnasaði,
allr Ásá salr undir bifðisk,
stökk þat it mikla men Brísinga— 5
'Mik veizt verða vergjarnasta,
ef ek ek með þér í Jötunheima.'

Senn váru Æsir allir á þingi
ok Ásynjur allar á máli,
ok um þat réðu ríkir tívar, 10
hvé þeir Hlórriða hamar of sætti.

Þá kvað þat Heimdallr, hvítastr Ása—
vissi hann vel fram, sem Vanir aðrir—
'Bindu vér Þór þá brúðar líni,
haf hann it mikla men Brísinga. 15

Látum und honum hrynja lukla
ok kvenváðir um kné falla,
en á brjósti breiða steina,
ok hagliga um höfuð typpum.'

Þá kvað þat Þórr, þrúðugr Áss: 20
'Mik munu Æsir argan kalla,
ef ek bindask læt brúðar líni.'

TURN OVER

(d)

Arinbjörn segir, 'Ef Egill hefir mælt illa til konungs, þá má hann þat bæta í lofsorðum þeim er allan aldr megi uppi vera.'

Gunnhildr mælti: 'Vér viljum ekki lof hans heyra. Láttu, konungr, leiða Egil út ok hoggva hann. Vil ek eigi heyra orð hans ok eigi sjá hann.'

Þá mælti Arinbjörn: 'Eigi mun konungr láta at eggjask um öll niðingsverk þín. Eigi mun hann láta Egil drepa í nótt, því at náttvíg eru morðvíg.'

Konungr segir, 'Svá skal vera, Arinbjörn, sem þú biðr, at Egill skal lifa í nótt; hafðu hann heim með þér ok fær mér hann á morgin.'

Arinbjörn þakkaði konungi orð sín—'væntu vér, herra, at heðan af muni skipask .mál Egils á betri leið. En þó at Egill hafi stórt til saka gort við yðr, þá líti þér á þat, at hann hefir mikils mist fyrir yðrum frændum. Haraldr konungr, faðir þinn, tók af lífi ágætan mann, Þórólf, fozdurbróður hans, af rógi vándra manna, en af engum sökum; en þér, konungr, brutuð lög á Agli sakar Berg-Önundar; en þar á ofan vildu þér hafa Egil at dauðamanni ok drápuð menn af honum, en ræntuð hann fé öllu, ok þar á ofan gørdu þér hann útlaga ok rákuð hann af landi; en Egill er engi ertingamaðr. En hvert mál er maðr skal døma, verðr at líta á tilgørdir. Ek muni nú', segir Arinbjörn, 'hafa Egil með mér í nótt heim í garð minn.'

5

10

15

20

25

CONTINUED

(e)

Nú er þar til máls at taka at Bergþórshváli at þeir Grímr ok Helgi fóru til Hóla—þar vǫru þeim fósturuð börn—ok sögðu fōður sínum at þeir mundu ekki heim um kveldit. Þeir vǫru í Hólum allan daginn. Þar kómu konur fátækar ok kváðusk komnar at langt. Þeir spurðu þær tíðinda. Þær kváðusk engi tíðindi segja—'en segja kunnu vér nýlundu nokkura.'

5

Þeir spurðu hverja nýlundu þær segði ok báðu þær eigi leyna. Þær sögðu svá vera skyldu: 'Vér kómum at ofan ór Fljótshlíð, ok sá vér Sigfússonu alla ríða með alvæpni, ok stefndu þeir upp á Þríhyrningshálsa ok vǫru fimtán í flokki. Vér sáam ok Grana Gunnarsson ok Gunnar Lambason ok vǫru þeir fimm saman ok stefndu allir eina leið. Ok kalla má at nú sé alt á fōr ok flaugun.'

10

Helgi Njálsson mælti: 'Þá mun Flosi kominn austan, ok munu þeir allir koma til móts við hann, ok skulu vit Grímr vera þar sem Skarpheðinn er.' Grímr kvað svá vera skyldu, ok fóru þeir heim.

15

Þenna aptan inn sama mælti Bergþóra til hjóna sinna: 'Nú skulu þér kjósa yðr mat í kveld, at hverr hafi þat er mest fýsir til, því at þenna aptan mun ek bera síðast mat fyrir hjón mín.'

20

'Þat skyldi eigi vera', sögðu þeir er hjá vǫru.

'Þat mun þó vera', segir hon.

TURN OVER

(f)

Sveinninn svarar: 'Þat býðr mér í hug, at hann muni þik hitta vilja.'

'Ekki veit ek', segir Eyvindr, 'til hafa orðit með þeim Sámi, bróður mínum, síðan þeir sættusk.'

Sveinninn svarar: 'Þat vilda ek, at þú riðir undan vestr til dals. Muntu þá geymðr. Ek kann skapi Hrafnkels, at hann mun ekki gera oss, ef hann náir þér eigi. Er þá alls gætt, ef þín er, en þá er eigi dýr í festi, ok er vel, hvat sem af oss verðr.'

5

Eyvindr sagðisk eigi mundu brátt undan ríða,—'því at ek veit eigi, hverir þessir eru. Mundi þat mörðum manni hlægiligt þykkja, ef ek renn at öllu óreyndu.'

10

Þeir ríða nú vestr af hrauninu. Þá er fyrir þeim önnur mýrr, er heitir Oxamýrr. Hon er grösug mjök. Þar eru bleytur, svá at náliga er ófært yfir. Af því lagði Hallfreðr karl inar efri gøtur, þó at þær væri lengri.

15

Eyvindr ríðr vestr á mýrina. Lá þá drjúgum í fyrir þeim. Dvalðisk þá mjök fyrir þeim. Hina bar skjótt eptir, er lausir ríðu. Ríða þeir Hrafnkell nú leið sína á mýrina. Þeir Eyvindr eru þá komnir af mýrinni. Sjá þeir þá Hrafnkel ok sonu hans báða. Þeir báðu Eyvind þá undán at ríða. 'Eru nú af allar torfætur. Muntu ná til Aðalbóls, meðan mýrrin er á millum.'

20

Eyvindr svarar: 'Eigi mun ek flýja undan þeim mönnum, er ek hefði ekki til miska gørt.'

CONTINUED

2. Choose two of the passages which you have translated in Question 1, and comment on any points of literary and stylistic interest.

3. Either: (a) How appropriate to its poem is the title *Atlakviða* ('The Lay of Atli')?
Or: (b) To what extent do you need to create a subtext in order to understand the story in *Atlakviða*?

4. Either: (a) Attempt a stylistic comparison of the prose in Ari's *Íslendingabók* with that in the text of any saga or sagas of Icelanders which you have read.
Or: (b) What expressions of national pride, if any, do you find in Ari's portrait of the Conversion in *Íslendingabók*?

5. How important are the Vanir, in your view, to the poets of *Brymskviða* and *Skírnismál*?

6. Either: (a) Do you think Snorri's *Gylfaginning* is an unfinished work?
Or: (b) 'The chthonic forces of chaos that threaten civilization' (Annette Lassen, on giants in Old Norse mythology). Is terrorism their only style in *Gylfaginning*?

7. Attempt to outline any generic differences you find between *Hrólfs saga kraka* and any saga of Icelanders which you have read.

TURN OVER

8. Either: (a) Yet do I fear thy nature;
It is too full o' th' milk of human kindness
To catch the nearest way.

(Lady Macbeth)

How human are the men around Signý in *Völsunga saga*?

- Or: (b) 'Women in the *formaldarsögur* are largely prizes for heroes and are inclined to be passive' (Rosemary Power). With reference to *Völsunga saga* and *Hrólfs saga kraka*, consider the evidence against this assertion.
9. In the Icelandic sagas, according to Aaron Gurevich, 'everybody feels the pressure of ethical necessity'. Consider the ethics of the hero of *Egils saga* in the light of this remark.
10. Either: (a) Ross Samson states that in Icelandic medieval society 'power and authority resided largely in personal relationships'. To what extent is this true of Gunnarr's power in *Njáls saga*?
- Or: (b) Paul Beekman Taylor argues that Njáll faces his death 'with a pagan sense of honour rather than with a Christian hope for spiritual judgement'. Discuss the influence of these moral systems on Njáll and other figures involved in the burning in *Njáls saga*.
11. Either: (a) How appropriate is the 'Wheel of Fortune' as an image of the structure of *Hrafnkels saga*?
- Or: (b) William Ian Miller considers that in the sagas of Icelanders 'much of the expression of emotion is mediated by the knowledge that it is presented to the public'. Discuss, with reference to *Hrafnkels saga*.
12. Discuss representations of courtship in two or more works you have read on this course.

END OF PAPER